

**Ed.**

## **381. Frumvarp til laga**

[203. mál]

um nafnskráningu skuldabréfa.

(Lagt fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985.)

### 1. gr.

Með skuldabréfi er í lögum þessum átt við sérhverja skriflega skuldaviðurkenningu, þar sem útgefandi hennar skuldbindur sig til að greiða eiganda eða rétthafa hennar við gjalddaga eða samkvæmt kröfu tiltekna peningafjárhæð eða til að láta af hendi sem greiðslu verðmæti sem fyllilega má jafna til peningagreiðslu.

Undanþegnir fyrirmælum laga þessara eru víxlar og tékkar.

### 2. gr.

Skuldabréf skulu við útgáfu bera með sér með ótvíræðum hætti hvert nafn skuldareiganda er. Ef um það er samið að annar en skuldareigandi eigi að veita greiðslu skuldarinnar viðtöku, þar á meðal greiðslu afborgana og vaxta af henni, skal hans getið með sama hætti í skuldabréfi.

Við eigendaskipti að skuldabréfi eða framsal þess í öðrum tilgangi skal það áritað af eiganda um réttindaframsal svo að fram komi hvert nafn þess er sem við réttindum tekur. Tekið skal fram í hverju framsal á sér stað sé skuldabréf ekki framselt til eignar.

### 3. gr.

Óheimilt er að þinglýsa skuldabréfi eða skrásetja með öðrum opinberum hætti réttindi samkvæmt því, nema fullnægt sé skilyrðum 2. gr. laga þessara.

Viðskiptaböndum, sparisjóðum, öðrum lánastofnunum og innheimtuaðilum er óheimilt að veita skuldabréfi viðtöku til eignar eða innheimtu fullnægi það ekki skilyrðum 2. gr. laga þessara.

Skylt er verðbréfamiðlurum að gæta að því, að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 2. gr. laga þessara er eigendaskipti verða að skuldabréfi.

### 4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Við gildistöku laga þessara ber þeim, sem telur til eignar eða annars réttar yfir skuldabréfi sem fullnægir ekki ákvæðum 2. gr. laga þessara, að árita það um eignarhald sitt eða réttindi til þess. Sama skylda hvílir á þeim sem varðveitir slík skuldabréf í umboði eiganda við gildistöku laga þessara.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

#### *Almennar athugasemdir.*

Á undanförunum árum hafa viðskipti með verðbréf mjög færst í vöxt hér á landi með þeim hætti, að skuldabréf og önnur áþekk kröfuréttindi gangi kaupum og sölum milli manna, tíðast fyrir milligöngu verðbréfamiðlara. Hefur þessi þróun einkum orðið eftir gildistöku laga nr. 13 10. apríl 1979, en með þeim var lögfest heimild til víðtækari verðtryggingár fjárskuldbindinga en áður var heimil. Samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 39. gr. þeirra laga er það skilyrði fyrir verðtryggingu þessara skuldbindinga, að þær hljóði á nafn kröfueiganda. Skuldabréf af öðru tagi en því, sem lagaákvæði þetta tekur til, hafa þó einnig gengið kaupum og sölum í ríkum mæli, svo sem verðtryggð spariskírteini ríkissjóðs, sem ætíð eiga að hljóða á nafn, og skuldabréf, sem ekki eru verðtryggð og hljóða á handhafa bréfsins.